

Stafgöngunámskeið í Húsafelli

Göngur, giljaböð, hressingar og huggulegheit á og við hótél Húsafell



Fararstjóri og stafgönguleiðbeinandi:

Halldór Hreinsson

Dagsetning: 10 – 14. júní 2020

Stafgöngur – eru ein hollasta hreyfing sem hægt er að fá, og með því að ná góðum tökum á henni er hægt að nýta hana sem gott hjálpartæki fyrir hvern sem er við alla líkamsrækt, en hún hefur einnig reynst frábær við að hraða endurbata hjá fólki eftir brjóstnám vegna krabba-meina og eins hjá þeim sem eiga við stoðkerfisvanda-mál í baki eða fótum að stríða, en líka mjög góð fyrir þau sem eru í ofþyngd.

Húsafell – Höfðingjasetur að fornu og nýju og þar hefur um árabil verið rekin öflug og myndarleg ferðapjónusta.

Náttúrufegurð og veðursæld laða til sín stóran hóp ferðamanna ár

hvert. Hraun, kjarr, jöklar og tignarlegur fjallahringur skapa fallega umgjörð og þarna í uppsveitum Borgarfjarðar er stutt í margar nátturuperlur sem vert er að skoða.

Stutt er í eina af nýjungum í þjónustu Húsafellsbænda – Giljaböðin – og þangað verður farið einn daginn, einnig verður farið í Víðgelmi, stærsta þekta hraunhelli á Íslandi, svo dagskráin verður mjög fjölbreytt!

Fararstjórinn velur gönguleiðir í takt við námskeiðið, aðstæður og getu hópsins og möguleikarnir eru nánast óþrjótandi!

Gisting, morgun- og kvöldverðir á hinu nýja og glæsilega hótél Húsafell, flottu 3*** hóteli sem er enn ein rós í hnappagat flottrar aðstöðu á svæðinu.

Aðgangur að sundlaug staðarins er innifalinn í gistingunni og frábært að fara þangað seinnipartinn eftir góðan göngudag.

Ferðaráætlun:

Dagur 1 - miðvikudagur, 10. júní

Mæting að Húsafelli

Mæting á hótél Húsafell seinnipartinn – kvöldrölt um bæjarstæðið og spjall með Halldóri fararstjóra

Dagar 2-4 – fimmtudagur til laugardags, 11.-13. júní

Stafgöngur og skoðunarferðir

Þessir dagar verða nýttir í stafgöngunámskeið og gönguferðir um nágrennið, en líka farið í skoðunarferð í Víðgelmi og jafnvel víðar, og svo er ekki hægt að koma þarna án þess að prófa hin frábæru Giljaböð!

Dagur 5 - sunnudagur, 14. júní

Heim á leið

Þarna verður eiginlegri dagskrá ferðarinnar lokið, en þátttakendur hvattir til þess að skoða aðrar perlur í uppsveitum Borgarfjarðar, og ef farið er um Borgarnes að skreppa t.d. í kaffi og kökur í Kaffi Kyrrð, einu af notalegri kaffihúsum landsins!

Þjónusta & verð

Innifalið í verði ferðarinnar	Gisting, morgun- og kvöldverðir	Hótel Húsafell – 4 nætur
	Fararstjórn og stafgönguleiðbeiningar	Halldór Hreinsson
	Annað innifalið	Ferð í Giljaböðin og aðgangur í Víðgelmi
Ekki innifalið	Hádegishressingar og annað það sem ekki er talið upp í „innifalið“	
Verð	Verð á mann í tveggja manna herbergi	109.900
	Verð á mann í eins manns herbergi	139.900

Ábendingar:

Lágmarks þátttaka er 10 manns.

Fjallakofinn – Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: <http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar>



Vegna Covid aðstæðna er ekki samfelld viðvera á skrifstofu okkar, því verða frekari upplýsingar og skráning gefnar með því að hringja í síma 5109508, senda fyrirspurn á brandur@explorer.is eða í gegnum skilaboð (messenger) á Facebook síðu skrifstofunnar <https://www.facebook.com/islandsvinir/?ref=bookmarks>

Farþegar í ferðum Íslandsvina / Fjallakofans- Ævintýraferða fá sérkjör í **Fjallakofanum**

